

FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnaþraut 13, 540 Blönduós

12. árg. 1. tbl. 2013

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: www.rhs.is

Ábm. Gunnar Ríkharrðss.

netf.: rhs@bondi.is

netf.: rhs@bondi.is

Janúar 2013

EFNI BRÉFSINS

Umsóknir í Bjargráðasjóð

Skil á fjárbókum

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Áburðaráætlanir

Sauðfjársæðingar 2012

Lambaskoðanir 2012

Nýr héraðs- dýralæknir

Eigendaskráningar hrossa

Jarðræktarúttektir 2012

Umsóknir í Bjargráðasjóð vegna tjóns af völdum óveðursins á Norðurlandi í september

Umsóknarfrestur til Bjargráðasjóðs vegna tjóns á búfé sem varð í óveðrinu á Norðurlandi í september síðastliðnum rennur út **1. febrúar næstkomandi**. Margir bændur hafa nú þegar sótt um en eflaust eru margir sem ekki hafa gengið frá umsókn ennþá. Ráðunautur og dýralæknir þurfa að undirrita umsókn en einfaldast er að koma með upplýsingar til okkar hjá BHS og við fáum svo dýralækna til að undirrita umsóknir eftir því sem þær berast.

Til að við getum staðfest umsókn til Bjargráðsþjóðs þarf að vera búíð að uppfylla nokkur skilyrði:

1. Bóndi þarf að vera búinn að skila forðagæsluskýrslu - annað hvort á netinu eða á pappír til okkar
2. Bóndi þarf að vera búinn að skila Haustbókinni í sauðfjárskýrsluhaldinu annað hvort í gegnum Fjárvis, til okkar eða til BÍ. Haustskilin eru algjör forsenda þess að við getum staðfest tjónið.
3. Á umsóknareyðublaðinu er gert ráð fyrir að gefnar séu upplýsingar um heildarfjölda fullorðins fjár annars vegar og lamba hins vegar sem sleppt var í úthaga í vor. Þessar upplýsingar koma jafnan fram á Frjósemisyfirliti sem kemur eftir skil á vorbók.
4. Varðandi sauðfjártjónið þá er lagt að jöfnu það sem fundist hefur dautt, vantar af fjalli í haust eða telst ekki innleggshæft og því er bara beðið um samtölu fullorðins fjár annars vegar og lamba hins vegar. Á þennan hátt eru öll vanhöld á umræddu tímabili lögð að jöfnu en sjóðurinn sér svo sjálfur um að draga frá það sem kalla má eðlileg vanhöld (eigin áhætta) sem í þessu tilfelli hafa verið ákveðin 1,5 % af fullorðnu fé og 3,5% af lömbunum.
5. Varðandi tjón á girðingum er umsóknarfrestur til 30. júní 2013 enda varla hægt að ganga frá úttektum á þeim fyrr en í vor.

Skil á fjárbókum

Lokafrestur til skila á haustbókum í skýrsluhaldi í sauðfjárrækt er 1. febrúar næstkomandi. Þeir sem skila í www.fjarvis.is verða að muna að smella á „Skil að hausti“ og staðfesta þar skil á bókinni. Þeir sem skila bók, geta annað hvort komið henni til okkar á skrifstofu BHS eða sent hana beint suður til Bændasamtakanna, Bændahöllinni v. Hagatorg, 107 Reykjavík.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Nú um áramót tók Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins ehf (RML) til starfa en það fyrirtæki yfirtekur alla ráðgjafajónustu sem áður var á vegum einstakra búnaðarsambanda. Greint hefur verið frá ráðningum á átta helstu stjórnendum hjá hinu nýja fyrirtæki en ekki tókst fyrir áramót að klára samninga við aðra starfsmenn né að semja við Búnaðarsamböndin um starfsaðstöðu ofl. Engin breyting verður því um sinn á starfsemi Búnaðarsambandanna en þegar breytingar taka gildi verða þær kynntar jafnóðum fyrir bændum.

Áburðaráætlanir

Þó áburðarsalar séu ekki búnir að gefa út verð fyrir áburð á komandi vori er e.t.v. tímabært að fara að huga að áburðaráætlanagerð. Allar áburðaráætlanir okkar eru unnar í www.jörð.is og þar eiga að birtast tunkortaspildur sem teiknaðar hafa verið inn í loftmyndagrunn Loftmynda ehf. Það er því afar þægilegt ef til er slíkt tunkort á bænum sem unnið er fyrir en alls ekki nauðsynlegt. Ef menn vilja fá teiknað tunkort til notkunar við áburðaráætlanagerð væri gott að drífa í því svo það verði tilbúið þegar verðin koma út og áætlanagerð fer á fullt.

Ef ekki er til slíkt tunkort eru tveir möguleikar, annars vegar að láta teikna slíkt eða þá stofnskrá spildurnar án loftmyndatengingar inn í jörð.is.

Vegna þess hversu oft er skammur tími til að vinna áætlanir þar sem lokafrestur til pantana á áburði er oft skömmu eftir að verð eru gefin út, væri gott að þeir sem hyggjast fá slíkar áætlanir hefðu samband fljótlega. Þá er hægt að fara að setja inn þarfatölur og upplýsingar um hvar búfjáráburður hefur verið/verður borinn á.

Inni á heimasíðunni okkar má nálgast excel-skjal sem hægt er að færa inn spildur, búfjáráburð, fyrirhugaða grænfóður- og/eða kornræktun o.s.frv. en það flýtir fyrir gerð áætlunar ef slíkt liggur fyrir við upphaf hennar. Þeir sem eru byrjaðir að nota www.jörð.is geta skráð sömu upplýsingar þar inn.

Sauðfjársæðingar 2012

Uppgjörstölur úr sauðfjársæðingum eru nú allar komnar í hús. Ljóst er að nýtt met hefur verið slegið í þátttöku í því og voru alls sæddar 5.451 ær með fersku sæði á svæðinu. Það er tæplega 12% aukning frá því árið á undan og jafnframt 7% meira en árið 2009 sem var met ár í þátttöku. Svo virðist sem menn hafi kunnað vel að meta þá aukningu í dögum sem boðið var upp á og meiri aðgang að sæði frá stöðinni á Suðurlandi.

Vinsælasti hrúturinn var Kjarkur frá Ytri-Skógum en alls voru 479 ær sæddar með honum á svæðinu. Fast á eftir fylgir annar hrútur frá Ytri-Skógum, Prúður sem var nýr á stöð en alls voru 469 ær sæddar með honum. Næstir þar á eftir komu síðan Gaur frá Bergstöðum og Strengur frá Árbæ með rétt um 400 skammta hvor.

Lambaskoðanir 2012

Búið er að taka endanlega saman lambaskoðanirnar frá því í haust. Síðastliðið haust voru skoðuð 21.077 lömb sem var örlítill fækkun frá árinu áður. Skiptist það í 17.713 gimbrar og 3.364 hrúta. Sem fyrr er rétt ríflega helmingur allra skoðaðra lambhrúta á svæðinu í Strandasýslu en gimbrarnar skiptast jafnar.

Eitt lamb mældist með 39 mm þykkun bakvöðva og var það lambhrútur á Mosfelli undan Höfrungi 10-670 frá Hafrafellstungu.

Meðal ómvöðvi gimbra á svæðinu var 26,6 mm sem er eins og í fyrra en meðal ómvöðvi hrúta var 28,4 mm sem er aukning um 0,3 mm. Þykkasti bakvöðvinn í >50 lamba gimbrahjörð var hjá Elínu Önnu og Ara Guðmundi á Bergstöðum í Miðfirði en þær mældust að meðaltali með 29,9 mm þykkun bakvöðva. Í öðru til þriðja sæti voru gimbrahjarðir hjá Jóhönnu og Gunnari á Akri og Sigvalda og Þóru á Urriðaá með 29,1 mm þykkun bakvöðva að meðaltali.

Hér á næstu síðu er hægt að sjá yfirlit yfir efstu lambhrúta í hverri sýslu. Þeim er raðað eftir heildarstigum en síðan eftir þykkt á ómvöðva, ómfitu og lögun á ómvöðva. *AMJ*

Nýr héraðsdýralæknir og eftirfylgni með reglum um örmerkingu hrossa

Um áramótin tók Björn Steinbjörnsson til starfa sem nýr héraðsdýralæknir í Norðvesturumdæmi (Húnavatns-sýslur, Skagafjörður og Bæjarhreppur) en Egill Þorri hverfur til starfa fyrir "Eftirlitsstofnun EFTA" í Brussel. Með fyrstu verkum Björns var að herða eftirfylgni með gildandi reglum um örmerkingu hrossa.

Hér eftir má ekkert hross (nema folöld) koma til slátrunar í sláturhúsi á NV-landi án þess að vera grunnskráð og örmerkt og örmerkið skráð í Worldfeng - komi hross í sláturhús án örmerkis fer kjötið ekki til manneldis og verður því hent og þarf eigandi hrossins þá bæði að borga slátur- og förgunarkostnað. Þessum reglum mun hafa verið fylgt eftir í öðrum sláturhúsum á landinu og nú verður þeim einnig fylgt eftir hér á svæðinu og á þetta jafnt við um öll þrjú sláturhúsin á NV-landi.

Folöldum þarf eins og áður einungis að fylgja fæðingarnúmer móður úr Worldfeng.

Öll hross - önnur en folöld sem á að slátra fyrir 10 mánaða aldur - þurfa því að vera skráð í Worldfeng gagnagrunninn og örmerkt.

Eigendaskráningar hrossa

Mjög mikilvægt er fyrir sláturhúsin að í Worldfeng séu hross sem á að slátra skráð á þann aðila sem innleggið á að færast á. Vinsamlega athugið því tímanlega fyrir slátrun að svo sé og einnig að hrossið sé örmerkt og örmerkið skráð. Ef hafa þarf eigendaskipti á hrossi sem á að slátra getur skráður eigandi sent tölvupóst á gr@bondi.is eða á rhs@bondi.is með beiðni þar um - ef ekki gefst tími til að senda inn undirritað eigendaskiptablað. Búnaðarsambandið tekur einnig að sér örmerkingar og dna-sýnatöku úr hrossum. Allar nánari upplýsingar veiti Gunnar í síma 451-2602 / 895-4365 eða í tölvupósti gr@bondi.is

Jarðræktarúttektir 2012

Á árinu var tekin út ræktun á 1.042 hekturum sem er heldur minna en árið áður en þá voru teknir út 1.050 ha. Ef litið er á ræktunina eftir sýslum að þá minnkaði ræktunarfangaði í A-Hún á milli ára eða úr 641 ha í 608 ha. Umfangið jókst aftur á móti í V-Hún, fór úr 359 ha í 386 ha. Ræktun á Ströndum var nokkuð svipuð á milli ára.

Kornrækt hjá bændum, metin í ha, drógst saman um 25% á milli ára. Ástæða þess er m.a. sú að bændur drógu mikið úr kornrækt utanhéraðs. Á árinu 2011 ræktuðu Húnvetningar korn í 70 ha í Skagafirði og Eyjafirði en í 38 ha á árinu 2012. Eins hættu einhverjir bændur kornrækt eða minnkuðu við sig enda hafði árið 2011 verið mjög lélegt kornræktarár.

Ánægjulegt er að sjá hvað grasræktin jókst mikið á milli ára eða nákvæmlega jafnmikið og kornræktin minnkaði. Grænfóðurræktin var aftur á móti svipuð að umfangi á milli ára.

Jarðrækt alls í hekturum árið 2011

	Fjöldi búa	Korn	Gras	Grænf.
A-Hún	89	210	139	292
V-Hún	53	101	84	174
Strandir	16	1	15	36
Samtals:	158	311	237	502

Jarðrækt alls í hekturum árið 2012

	Fjöldi búa	Korn	Gras	Grænf.	Oliujurtir
A-Hún	87	146	187	275	1
V-Hún	56	90	109	184	3
Strandir	14	0	17	29	0
Samtals:	157	236	313	489	4

Þann 28. desember sl. voru jarðræktarstyrkir vegna ræktunar ársins 2012 greiddir út til bænda. Styrkir eru greiddir úr sjóði sem er fjármagnaður af búnaðarlagasamningi, mjólkursamningi og sauðfjársamningi. Styrkurinn nam 13.350 kr./ha á fyrstu 20 ha, en 8.900 kr. á ræktun frá 20 – 40 ha. Ræktun umfram 40 ha var ekki styrkt.

Upplýsingar um jarðræktarstyrkina geta bændur nú nálgast á Bændatorginu hjá sér. Upplýsingar um jarðræktarstyrkina munu einnig koma fram á skattfirliti bænda sem verður sent bréfleiðis til allra bænda í febrúar, en bréf vegna jarðræktarstyrkja verða eingöngu aðgengileg á Bændatorginu þar sem bændur geta prentað þau út, vilji þeir það. Þau verða ekki send út bréfleiðis. Þetta fyrirkomulag sparar Bændasamtökunum umtalsverð póstburðargjöld. *KÓE*